

Gervigreind og nýsköpun

From Ingveldur Sæmundsdóttir <ingveldur@hfsu.is>

Date Tue 2025-09-09 13:30

1 attachment (320 KB)

Skjámynd 2025-09-09 132036.png

Kæru boðsgestir.

Samtök þekkingasetra, KPMG og Iceland Innovation Week hafa sameinast um hringferð um landið með stuðningi úr nýsköpunarsjóðnum Lóunni. Markmiðið er að efla nýsköpun og starfræna hæfni á landsbyggðinni og bjóða upp á lifandi fræðslu og hagnýta þekkingu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Fyrsta stopp er hjá Háskólafélagi Suðurlands á Selfossi þann 24. september.

KPMG mun leiða vinnustofur um hagnýtingu gervigreindar í atvinnulífinu, þar sem lögð verður áhersla á hvernig einstaklingar og fyrirtæki geta nýtt sér þessa tækni til að bæta samkeppnishæfni, skilvirkni og verðmætasköpun. Iceland Innovation Week mun sjá um vinnusmiðjur um nýsköpun, skapandi hugsun og frumkvöðlastarfsemi, með áherslu á þróun nýrra hugmynda og viðskiptaþróun.

Vinnustofan byrjar kl 8:30 og stendur 12:30. Það kostar ekkert að taka þátt og einnig er boðið uppá léttan hádegisverð.

Vinsamlegast sendið á ykkar fólk, þjónustudeildir og stofnanir.

Það eru einungis 30 pláss í boði og því mikilvægt að skrá sig sem fyrst <https://luma.com/psmibj9y>.

HVERNIG NÝTUM VIÐ NÝSKÖPUN OG GERVIGREIND TIL AÐ BÆTA STAFRÆNA ÞJÓNUSTU?

Háskólafélag Suðurlands býður þér á vinnustofu í samstarfi við **KPMG** og **Iceland Innovation Week** þann 24. september 2025 kl 8:30-12:30.

Á vinnustofunni færðu að kynnast raunverulegum leiðum til að nýta gervigreind í daglegu starfi ásamt því hvernig má styrkja og þróa viðskiptaumhverfi með markvissri sölu og markaðssetningu. Hagnýt ráð um hvernig nýta má takmarkað fjármagn til að hámarka árangur, þar á meðal með notkun einfaldra gervigreindartóla til að spara tíma og auka skilvirkni.

Vinnustofan er opin öllum en skráning er nauðsynleg.



Ingveldur Sæmundsdóttir
Framkvæmdastjóri / CEO



University Center of South Iceland
Fjölheimum, Tryggvagötu 13
800 Selfossi
Tel. 560-2040 / 693-6900

www.hfsu.is

www.fjolheimar.is